

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 33. stjórnarfundar, haldinn 23. maí, 2024 í Borgartúni 26, kl. 14:45-18:30.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aron Kári Ágústsson sat fundinn undir liðum 2 og 3.

Dagný Lís Davíðsdóttir sat fundinn undir lið 2.

Hermann Hermannsson vék af fundi við afgreiðslu á einni umsókn vegna vanhæfis.

Óskar Józefsson vék af fundi við afgreiðslu á einni umsókn vegna vanhæfis.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð

Fundargerð 32. fundar samþykkt.

2. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna

Á fundinum lagði framkvæmdastjóri fram tillögu um afgreiðslu á níu umsóknum um sölu á fasteignum þar sem seljendur áttu ekki lögheimili í viðkomandi húsnæði 10. nóvember 2023. Um er að ræða umsóknir sem bárust í mars. Eftir skoðun á skýringum umsækjenda og svörum við fyrirspurnum sem félagið sendi þeim ákvað stjórnin að forsendur væru til að samþykkja þrjár umsóknir þar sem fyrir lá að tímabundnar aðstæður skýrðu að lögheimili umsækjenda var ekki skráð í eigninni 10. nóvember 2023. Í öðrum þremur tilvikum voru umsóknir samþykktar með fyrirvara um að fyrir lægju upplýsingar um að lögheimili hefði áður verið skráð í Grindavík. Í tveimur tilvikum var samþykkt að tilefni væri til að senda umsækjendum bréf þar sem boðað er að félagið hyggist hafna umsókn þar sem skilyrði virðist ekki til að veita undanþágu. Í einu tilviki var ákveðið að fresta ákvarðanatöku en afla nánari upplýsinga um lögheimili umsækjenda.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um kaup á einni eign í eigu dánarbús. Um er að ræða umsókn sem barst í apríl. Samþykkt að kaupa eignina af dánarbúinu enda liggja heimild til einkaskipta fyrir.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um afgreiðslu á 13 umsóknum um sölu á fasteignum þar sem seljendur áttu ekki lögheimili í viðkomandi húsnæði 10. nóvember 2023.

Um er að ræða umsóknir sem bárust í apríl.

Eftir skoðun á umsóknum voru tvær þeirra samþykktar og í tíu tilvikum var samþykkt að senda umsækjendum fyrirspurnarbréf. Í einu tilviki var um að ræða umsókn frá einstaklingi sem ekki er þinglýstur eigandi í viðkomandi húsnæði. Í því tilviki var ákveðið að leiðbeina umsækjenda um að einungis eigendur geti sótt um sölu til félagsins.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um afgreiðslu á fimm umsóknum sem bárust í apríl. Eftir skoðun á umsóknum voru þær samþykktar.

Framkvæmdastjóri sagði frá stöðu tveggja umsókna þar sem afgreiðsla hefur tafist vegna mögulegrar kerfisvillu.

Afgreiðsla stjórnar var færð í vinnuskjal stjórnar.

3. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna – umsóknir sem bárust í maí

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um afgreiðslu á 33 umsóknum um sölu á fasteignum sem bárust félaginu í maí.

Eftir skoðun á umsóknum voru allar þeirra samþykktar.

Afgreiðsla stjórnar var færð í vinnuskjal stjórnar.

4. Önnur mál

Ákveðið að halda næsta fund 31. maí kl. 13:00-15:00.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 18:30.

Óskot Jónsson
Guðrún Þorleifsdóttir

ÓD V Shis

